



## 45. FUNDUR Í BÆJARSTJÓRN BLÖNDUÓSBÆJAR

**Dagsetning:** 30. apríl 2014, kl. 16:00

---

Bæjarstjórn Blönduósbæjar kom saman til 45.fundar miðvikudaginn 30. apríl 2014 kl. 16:00 að Hnjúkabyggð 33. Forseti bæjarstjórnar, Ágúst Þór Bragason, setti fundinn og stjórnaði honum. Fundarritari var Auðunn Sigurðsson. Undirritaðir sátu fundinn.

### Dagskrá:

1. **Ársreikningur 2013 – fyrri umræða**
2. **Lántaka**

### Afgreiðslur:

#### 1. **Ársreikningur 2013 – fyrri umræða**

Ársreikningur Blönduósbæjar 2013 tekinn til fyrri umræðu. Forseti bauð velkomin á fundinn Þorstein G. Þorsteinsson, frá KPMG, endurskoðanda Blönduósbæjar. Þorsteinn fór yfir ársreikninginn og útskýrði helstu liði hans.

Helstu tölur úr ársreikningi eru þessar: Rekstrartekjur eru 755,5 milljónir króna en fjárhagsáætlun með viðaukum gerði ráð fyrir tekjum upp á 751,4 milljónir króna. Rekstargjöld voru 685,9 milljónir króna, fjármagnsgjöld voru 57,2 milljónir króna og niðurstaða úr rekstri er hagnaður A og B hluta uppá 12,3 milljónir króna en fjárhagsáætlun með viðaukum gerði ráð fyrir tapi uppá 7,5 milljónir króna. Eigið fé Blönduósbæjar í árslok 2013 nam 613,8 milljónum króna.

Almennar umræður og fyrirspurnir urðu um reikninginn. Að því loknu var samþykkt að vísa ársreikningi Blönduósbæjar 2013 til síðari umræðu á næsta fundi bæjarstjórnar.

Hér vék Þorsteinn G. Þorsteinsson af fundi.

#### 2. **Lántaka**

Forseti lagði fram eftirfarandi tillögu:



*„Bæjarstjórn Blönduósþæjar samþykkir hér með að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga ohf. að fjárhæð 40.000.000 kr., í samræmi við samþykkt skilmála lánveitingarinnar sem liggja fyrir fundinum. Til tryggingar láninu standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Er lánið tekið til að endurfjármagna hluta af afborgunum lána á gjalddaga hjá lánasjóðnum á árinu 2014, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.*

*Jafnframt er, Arnari Þór Sævarssyni kt. 161171-4339, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Blönduósþæjar að undirrita lánssamning við Lánasjóð sveitarfélaga ohf. sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari.“*

Forseti bar upp tilkynninguna og var hún samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt. Fundi slitið kl. 17:25.

Ágúst Þór Bragason, forseti (sign.)

Kári Kárason (sign.)

Zophonías Ari Lárusson (sign.)

Anna Margret Sigurðardóttir (sign.)

Oddný María Gunnarsdóttir (sign.)

Hörður Ríkharðsson (sign.)

Þórdís Hauksdóttir (sign.)

Arnar Þór Sævarsson (sign.)

Auðunn Sigurðsson, ritari (sign.)